

**Umsögn um frumvarp til laga:
Pungunarrof - 393. mál, lagafrumvarp 149. löggjafarþing 2018–2019**

Lesið þetta vel og SKOÐIÐ MYNDBÖNDIN, einkum um 22 vikna fóstur og 2. trimester fóstureyðingu þar sem slíku BARNI ER EYTT. Einnig síðuna um reynslusögur kvenna eftir fóstureyðingu.

Ég er menntuð hjúkrunarfræðingur hef kynnt mér vel fóstureyðingar og afleiðingar þeirra og er vel inni í þeim málum. Bið ykkur um að sýna þá lágmarksvirðingu að lesa þessa umsögn allt til enda og hugleiða hana vel!

Nýja fóstureyðingalöggjöfin sem á eftir að fara gegnum þingið gerir ráð fyrir að leyft verði að eyða fósturi til 22 vikna. Íslenska fóstureyðingalöggjöfin sem er í gildi nú er í raun mjög ströng og gerir ekki ráð fyrir að leyft sé að eyða fósturi nema við sérlega erfiðar aðstæður hjá foreldrum eða mikla vansköpun til 12 vikna. Lög eru því þegar þverbrotin á hverjum virkum degi á sjúkrahúsum um land allt og hefur verið til allra þessara ára. Hef sjálf farið á Kvennadeild Lsp og tekið viðtal við félagsráðgjafa þar en tvær undirskriftir þarf til að fóstureyðing fari fram eins og staðan er í dag, eins lækni og eins félagsráðgjafa. Takið eftir að EKKI þarf undirskrift föður barnsins, ER BARNIÐ EINGETIÐ? Faðirinn hefur ekkert um málið að segja! Kallað hefur verið eftir aðstoð lögreglu á Kvennadeild Lsp vegna örvæntingarfullra feðra sem hafa mætt á staðinn til að reyna að bjarga barninu sínu frá lífláti en án árangurs.

Sjá 22 vikna fóstur i móðurkviði: https://www.youtube.com/watch?v=RNG_JLWPepA

Nýtt líf verður til við getnað þar sem tvö DNA renna saman í eitt, það eru raunvísindi og staðfest af vísindamönnum. Reynið að byrja á því að sætta ykkur við þá staðreynd, þetta er skilgreining vísindanna um það hvernig nýtt líf hefst! Hjarta fósturs byrjar að slá nálægt þremur vikum. Fóstur er fullskapað 12 vikna og athugið að við 9 vikna bregst fóstur við áreiti sem segir að taugakerfi þess er orðið nógu þroskað til að skynja snertingu þá strax, hvað þá fram að 22 vikna! Þá er sársukinn orðinn geigvænlegur, þegar barnið er bútað í sundur, hendur og fætur eru klipptar af og höfuðkúpan klesst saman að lokum. Verði nýja frumvarpið að lögum er brotið blað í fóstureyðingum hér. Íslenskir læknar kunna ekki að eyða fósturi á þessum aldri og þurfa því að fá hingað erlenda "sérfræðinga" til að kenna þeim verknaðinn!

Ég hef lesið margar vísindalegar rannsóknir unnar skv. fullkomnum tilætluðum stöðlum um afleiðingar fóstureyðinga. Afleiðingar fóstureyðinga eru skelfilegar. Um þriðjungur kvenna verða alvarlega þunglyndar, sumar fremja sjálfsvíg, þriðjungur verða meðal þunglyndar og síðasti hlutinn vægt þunglyndar. Það má segja að það heyri til undantekninga ef kona sleppur við afleiðingar fóstureyðingar. Aukning er á notkun alkóhóls, lyfja, aukning er á skilnuðum þar sem áhrifin eru ekki bara á konuna heldur föðurinn og alla fjölskylduna, eins ömmur og afa. Langflestar konur ná sér aldrei og sjá alltaf eftir fóstureyðingunni. Hjá mörgum þeirra er þetta kvöl upp á hvern dag allt lífið. Þær konur sem líður verst eru þær

sem eru þvingaðar í eyðinguna eða fara í hana gagnvart eigin sannfæringu. Það er einfaldlega ekki í eðli móður að drepa sitt eigið barn! Ungar stúlkur fá oft áfall þegar þær eldast og þroskast þegar þær seinna meir gera sér grein fyrir hvað þær gerðu. Líkamlega eiga sumar konur erfiðara með að ganga með barn á eftir. Vil benda ykkur á íslensk samtök sem heita <http://valkostir.is/> en ég er í stjórn þeirra samtaka en þar getið þið lesið nánar um afleiðingar fóstureyðinga <http://valkostir.is/fostureyding/salraenir-ahaettuthaettir>

Þess má geta að skv. viðtali mínu við Kvennadeild Lsp eru upplýsingarnar sem konur fá sama og engar um eftirköst fóstureyðinga. Einn eldgamall bæklingur var til staðar þar og kom þar fram á einum stað að það gæti m. a. haft góð áhrif á konu að fara í fóstureyðingu??! Félagsráðgjafar geta ekki frætt nægilega um þennan þátt, þar sem þeir eru ekki heilbrigðismenntaðir. Allar konur fá fóstureyðingu nú þegar, þurfa ekki neina sérstaka ástæðu til. Eftir viðtalið var ég vægast sagt sjokkeruð. Konur kvarta sáran eftir á að hafa ekki verið upplýstar meir en svo, að þær væru að fara í tanntöku. Hvað þá nú þegar ætlunin er að hækka mörkin upp að viku 22? Hver ætlar að segja þessum konum að þær verði þunglyndar allt lífið. Hið opinbera er skyldugt að fræða konur um afleiðingar fóstureyðingar en þar hefur hið opinbera algerlega brugðist skyldu sinni. Hvað ætlið þið að gera í því? Hið opinbera er skyldugt að sinna þessari upplýsingarskyldu!!

Afleiðingar fóstureyðinga eru alltaf slæmar en í mörgum tilfellum versna þær eftir því sem konan er gengin lengra. Ég spyr: HVER ÆTLAR AÐ TAKA AÐ SÉR ÞETTA HLUTVERK að upplýsa konuna um líðan hennar eftir að barnið hennar hefur verið bútað í sundur??

Það er ljóst að fóstur finnur fyrir áreiti frá 9 vikna skv. rannsóknnum og hvað þá þegar lengra er komið. Skoðið myndböndin og sjáið fyrir ykkur staðreyndirnar og þá miklu blóðskuld sem færa á yfir landið okkar með nýju frumvarpi verði það samþykkt. Stúlkur frá 16 ára aldri geta farið í fóstureyðingu án vitundar foreldra. Haldið þið virkilega að stúlka á þeim aldri hafi þroska í að ákveða slíkt?? Í frumvarpi um ný fóstureyðingarlög er gert ráð fyrir eftirfarandi: "Fóstureyðing verði heimil fram að lokum 22. viku þungunar eða þar til fóstur telst hafa náð „lífvænlegum þroska.“ Ennfremur er lagt til að felld verði niður að greinargerð tveggja fagaðila þurfi til heldur verði aðeins byggt á mati þess læknis sem framkvæmir aðgerðina". Aftur er mér spurn..er barnið EINGETIÐ? faðirinn hefur EKKERT um málið að segja en þegar barn er fætt á hann að bera alla ábyrgð? Ekkert ósamræmi þarna??

Einnig: Ef barn fæðist 22 vikna og er myrt fær viðkomandi dóm fyrir mannsmorð, ef barnið er hins vegar á þeim stað þar sem legveggur og húð aðskilur það frá umhverfinu má drepa það án dóms og laga! Sjáið þið ekkert ósamræmi hér?

"Hætt verði að nota orðið fóstureyðing en þess í stað tekið upp orðið þungunarrof" Þetta orð er eingöngu til að hylma yfir með glæpnum og slá ryki í augum fólks. Að eyða fósturi heitir einfaldlega á réttri íslensku, líflát / morð!

Það að fóstur hafi náð "lífvænlegum" þroska þýðir í raun að það getur bjargað sér með hjálp læknisfræðinnar utan líkama móðurinnar sé um fyrirburafæðingu að ræða en það er einmitt oft raunin við 22 vikur. Þið sem að þessu frumvarpi standið virðist ekki líta á þessa

einstaklinga sem mannverur fyrr en 22 vikna. Hver hefur réttinn til að draga mörkin og setja strikið...NÚNA er þetta hætt að vera fóstur og orðið barn.? Einnig: Nú er þetta hætt að vera frumklasi og orðið fóstur? Fjöldi fóstureyðinga hérlendis er mikill miðað við hin Norðurlöndin, um 1000 fósturum er eytt árlega hérlendis.

Til upplýsingar fyrir ykkur um þennan frasa sem er mikið notaður hjá aðilum sem eru hlyntir fóstureyðingum og ykkur þar með standið að þessu frumvarpi "að konur ráði yfir eigin líkama" þá er þetta að segja um það: BARN Í MÓÐURKVIÐI ER MEÐ SITT EIGIÐ NÝJA DNA FRÁ FÖÐUR OG MÓÐUR OG MÓÐIRIN SITT, ÞESS VEGNA ER EKKI NOKKUR EINASTI MÖGULEIKI AÐ TALA UM AÐ FÓSTRID SÉ HLUTI AF LÍKAMA KONUNNAR! Þar með er það afgreitt! Margir reyna samt að halda þessu fram, langoftast af þekkingarleysi sumpart í vörn fyrir gjörðir sínar. Eruð þið sem farið yfir þessar umsagnir og standið að þessu frumvarpi menntuð í heilbrigðisvísindum eða nógu upplýst til að skilja þetta? Þetta skiptir miklu máli þar sem þetta er notað sem rök fyrir því að leyfa fóstureyðingar yfir höfuð! VONANDI ERUÐ ÞIÐ Á HÆRRA PLANI EN SVO AÐ YKKAR MÆLIKVARÐI SÉ EKKI VÍSINDI GÖTUNNAR EN ÞVI MIÐUR ER FÁTT SEM BENDIR TIL ÞESS!

LOKAORÐ: Þið sem að þessu standið og þeir sem greiða eiga atkvæði á að skylda til að horfa á myndband um fóstureyðingu fram að 22 vikna, það er ALGJÖRT LÁGMARK! Lesið reynslusögur kvenna á þessari síðu hér að neðan og kynnið ykkur staðreyndir. Þið eruð að leiða eina mestu ógæfu og bölvun sem til er yfir þessa þjóð. Kostnaður í heilbrigðiskerfinu mun stórukast vegna aukningu lyfjanotkunar hjá þessum konum og innlagna á geðdeildir. Þið munuð valda fjölda skilnaða sem hafa áhrif á alla í fjölskyldunni þar með talið börn sem eru þá komin í miklu meiri áhættuhóp en önnur börn með notkun vímuefna, þunglyndi, o. fl. Varðandi fósturið/Barnið. Það er komið með sama sársaukaskyn og þið sjálf þannig að prófið að láta skera af ykkur hendur og fætur og athugið hvernig það er, barnið líður hryllilegar kvalir og aðgerðin tekur ekki neinar 5 mínútur. Þetta eru ein mestu mistök í íslenskri sögu. Ykkur mun örugglega líða vel með það þegar þið farið að sofa á nóttunni að vita að þið hafið lagt ykkar af mörkum til að myrða þessa einstaklinga á kvalarfullan hátt. Þetta er talað til allra sem að þessu standa og þeirra alþingismanna sem setja "já" við þessu frumvarpi. Þungur verður dómur þeirra!

Að lokum til umhugsunar: Hefðuð þið vilja láta eyða einhverju barnanna ykkar...veljið þá hvert þeirra?

22 vikna fóstur í móðurkviði: https://www.youtube.com/watch?v=RNG_JLWPepA

FÓSTUREYÐING, MYNDBAND fram að 22 vikna skv. nýju frumvarpi:
https://youtu.be/igw4X7Dw_3k

Síða með reynslusögum kvenna eftir fóstureyðingar:
<http://www.abort73.com/testimony/2440/...> Lesið þessa síðu sem inniheldur mikinn fjölda reynslusagna kvenna sem allar eru í vanlíðan og flestar eiga aldrei líf eftir eyðinguna.

Heimildir um sálrænar afleiðingar fóstureyðinga eru m. a. úr rannsókn Priscillu K.Coleman sem gerði mjög yfirgripsmikla rannsókn á afleiðingum fóstureyðinga: "Abortion and mental

health: quantitative synthesis and analysis of research" og birt var í The British Journal of Psychiatry, einnig rannsóknum Juliu R. Steinberg og Lawrence B. Finer sem birt var í Social Science and Medicine: "Examine the association of abortion history and current mental health: A reanalysis of the National Comorbidity Survey using a common-risk-factors model".

Lítið mál að fara á google og finna þessar rannsóknir.

Reykjanesbær, 24. janúar 2019

María Magnúsdóttir, kennitala: 230860-7349